

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 503. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
26. mars 2014 og hófst hann kl. 13:15.

Fundinn sátu:

Berglind Guðmundsdóttir, Brynjar Rafn Ólafsson, Þormóður Sveinsson og Ólafur Helgi Árnason.

Fundargerð ritaði: Berglind Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI Afgreitt samkvæmt 9. grein laga um mannvirki nr. 160/2010

1 1403212 - Ölduslóð 37. Byggingarleyfi

Karmelítisklaustrið sækir 19.3.2014 um leyfi fyrir lyftu samkv. teikn. Jóhanns Einarssonar dags: 18.03.2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.

2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.

3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.

4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.

2 1403284 - Hvaleyrarvatn, myndataka

Gísli Þór Gíslason óskar eftir í tölvupósti þann 20. mars 2014 að fá leyfi til að taka upp myndband í tengslum við lokaverkefni sitt. Myndatakan tekur 4 daga.

Skipulags- og byggingarfulltrúi heimilar myndatökuna með skilyrðum um góða umgengni, eins litla röskun og unnt er og að allt verði lagað sem raskað verður. Hafnarfjarðarbær ber ekki ábyrgð á neinu tjóni sem kann að hljóta vegna þessara kvikmyndagerðar. Allt rusl og drasl skal fjarlæggt að kvikmyndatöku lokinni og að svæðið verði í sama ástandi og fyrir tölur.

3 1403266 - Svöluás 30, breyting, byggingarleyfi

Björn Björnsson leggur fram nýja skráningartöflu þann 20. mars 2014 ásamt uppdráttum dags. 5. febrúar 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

4 1403322 - Miðhella 4.breytingar á innra skipulagi

Landsvirkjun kt.4202691299 sækir um að gera smávægilegar breytingar á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis samkvæmt teikningum frá Hebu Hertervig arkitekt kt.210763-3179

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin í samræmi við 11. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði 1-4 liðar 13. greinar mannvirkjalaga hafa verið uppfyllt.

13. gr. Útgáfa byggingarleyfis.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis eru eftirfarandi:

- 1. Mannvirkið og notkun þess samræmast skipulagsáætlunum á svæðinu.*
- 2. Aðal- og séruppdrættir hafa verið yfirfarnir og leyfisveitandi hefur áritað þá til staðfestingar á samþykki.*
- 3. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafa verið greidd, svo sem gatnagerðargjald samkvæmt ákvæðum laga um gatnagerðargjald og bílastæðagjald eða gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt ákvæðum skipulagslaga, eða samið um greiðslu þeirra. Undanskilin eru þó gjöld sem falla ekki í gjalddaga fyrr en við útgáfu byggingarleyfis.*
- 4. Byggingarstjóri hefur undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína og afhent leyfisveitanda undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra iðnmeistara sem ábyrgð munu bera á einstökum verkþáttum.*

5 1403129 - Umsókn um jarðvegsvinnu

Icceignir leggja 10.03.14 fram umsókn um að hefja eftirfarandi framkvæmdir: Girða af vinnusvæðið og koma upp vinnubúðum. Fletta heillegum hraunhellum ofan af húsgrunninum til síðari nota við lóðarfrágang. Grafa niður á burðarhæft lag (klöpp). Fjarlægja klöpp undan veggjum byggingarinnar niður í kóta 11,10 reynist klöppin liggja ofar en í kóta 11,10. Koma fyrir burðarpúða ofan á klöppina upp í kóta 11,50.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við 2. mgr. 13. gr laga nr. 160/2010.

6 1402232 - Drangahraun 3, innkeyrsla á lóð

Tekið fyrir fyrirspurn frá Hermanní Georg Gunnlaugssyni f.h. Bílaleigu Akureyrar dags. 14.02.14. Erindið varðar nýja aðkomu inn á lóðina til móts við innkeyrsluhurð á suðurhlið/götu hlið. Einnig hefur lóðarhafi áhuga á að nýta hluta af núverandi grassvæði á bæjarlandi til að rýmka um bílastæði við suðurhlið hússins.

Skipulags- og byggingarfulltrúi tekur jákvætt í erindið og vísar til meðfylgjandi athugasemda.

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar skv. samþykkt um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.

7 1309536 - Brekkugata 14 breyting

Ragnar Agnarsson óskar eftir, með netpósti þann 20.3.2014, að byggingarleyfið fyrir viðbyggingu og bílskúr, sem samþykkt var þann 24.10.2013 verði fellt niður.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

8 1403283 - Kaldárselsvegur, skreiðarhjallar.

Borist hefur ábending frá íbúa á Völlum vegna lyktarmengunnar frá þessu hjöllum. Það hefur komið í ljós að ekki er til samningur vegna þessara starfsemi á þessum stað né heimild nokkur frá Hafnarfjarðarbæ vegna þessarar starfsemi.

Eiganda er gert að fjarlægja þessa hjalla innan 3 vikna, þar sem ekki er heimild fyrir þessari starfsemi.

9 1403324 - Fléttuvellir 23, ruslageymsla á loðarmörkum Fléttuvalla 23 og 25.

Borist hefur kvörtun vegna ruslageymslu við lóðarmörk.

Skipulags- og byggingarfulltrúi beinir meðfylgjandi athugasemdum að eiganda ruslageymslunnar.

10 1309498 - Suðurholt 18-20, skjólveggur á lóðarmörkum og framkvæmdir á lóð

Vakin var athygli byggingarfulltrúa á lóðarframkvæmdum á Suðrholti 20 ásamt skjólvegg milli lóðanna nr. 18 og 20, sem var gerður að sögn án samráðs við húseigenda nr. 18.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir lóðarhafa að sækja um breytingar á frágangi lóðar þar sem við vettvangsskoðun kom í ljós að frágangur er ekki í samræmi við samþykktu uppdrætti. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um skjólgirðingu á lóðarmörkum bakatil.

11 1402486 - Álfaskeið 77, stækkun á húsi

Arnar Skúlason og Guðrún Róbertsdóttir leggja 28.02.14 fram fyrirspurn um að stækka stofuálmum til suðurs um 19 fermetra og anddyri um 4 fermetra. Árið 1991 var stækkun stofuálmum samþykkt.

Þar sem byggingarfulltrúi lítur svo á að byggingarframkvæmdir hafi ekki hafist og er byggingarleyfi sem var samþykkt 20. febrúar 1991 og 22. mars 1995 fallið úr gildi nema skýrt sé að framkvæmdir í samræmi við fyrirbyggjandi gögn séu hafnar.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ
Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

12 1401681 - Hnoðravellir 41. Byggingarleyfi

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar sækir 21.01.2014 um leyfi fyrir að byggja eins hæða raðhús, sjá meðfylgjandi teikningar eftir Hauk Ásgeirsson dagsettar 01.01.2014 Nýjar teikningar bárust 24.03.14

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem grenndarkynningu er ekki lokið.

13 1401682 - Hnoðravellir 43. Byggingarleyfi

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar sækir 21.01.2014 um leyfi fyrir að byggja eins hæða raðhús, sjá meðfylgjandi teikningar eftir Hauk Ásgeirsson dagsettar 01.01.2014 Nýjar teikningar bárust 24.03.14

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem grenndarkynningu er ekki lokið.

14 1401683 - Hnoðravellir 45. Byggingarleyfi

Verkfræðistofa Hauks Ásgeirssonar sækir 21.01.2014 um leyfi fyrir að byggja eins hæða raðhús, sjá meðfylgjandi teikningar eftir Hauk Ásgeirsson dagsettar 01.01.2014 Nýjar teikningar bárust 24.03.14

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu þar sem grenndarkynningu er ekki lokið.

15 1403232 - Hnoðravellir 41-45, jarðvegsvinna

Óskað er eftir því að fá að ganga frá jarðvegspúða undir raðhús nr 41 til 45 við Hnoðravelli. Færsla á byggingarreit er í grenndarkynningu og fyrirhugað er að hefja vinnu við uppsteypu húsanna um leið og leyfi fæst til þess.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar í fyrri bókun dags. 19. mars sl.

16 1403274 - Brekkuás 9-11. byggingarleyfi

FM Hús ehf sækir 19. mars um leyfi fyrir breytingum á veggjum í kjallara, kröfur um eldvarnargler fellt niður og gerðar breytingar. Sjá með fylgjandi teikningar Sigurðar Þorvarðarsonar dags: 18/3/2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi frestar erindinu, sjá meðfylgjandi athugasemdir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.

Berglind Guðmundsdóttir (sign)
Þormóður Sveinsson (sign)

Brynjar Rafn Ólafsson (sign)
(sign)
